

LÖG

um breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 97/81/EB, um rammisamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnu- rekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert, sem vísað er til í 31. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/1998.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. ágúst 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni Páll Arnason.